

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum/fulltrúum aðildarfélaganna var haldinn í fundarsal Ármanns föstudaginn 22.nóvember og hófst kl. 18.00.

Mætt:

frá stjórn KRAFT: Sigurjón Pétursson, Guðjón Hafliðason, Kári Rafn Karlsson og Gry Ek

frá Kraftlyftingafélagi Akraness: Sturlaugur Agnar Gunnarsson

frá Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar: Hjalti Árnason

frá Kraftlyftingafélagi Akureyrar: Grétar Skúli Gunnarsson og Hulda B. Waage

frá Kraftlyftingafélagi Ísafjarðar: Sigfús Fossdal

frá Kraftlyftingafélagi Garðabæjar: Alexander I. Olsen

frá Kraftlyftingadeild Ármanns: Júlían J.K. Jóhannsson

Massi, Stokkseyri, Zetórar og Gróttu tilkynntu forföll.

Sigurjón setti fundinn og óskaði velkomin.

Þetta gerðist:

1) Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Upplýst var að KFA er annað kraftlyftingafélagið sem hefur uppfyllt skilyrðum ÍSÍ um fyrirmyndarfélag og verður viðurkenning þess efnis afhent í tengslum við bikarmótið. Sigurjón óskaði þeim til hamingju og hvatti um leið önnur félög að stefna að þessari viðurkenningu.

Menn tóku undir orð Sigurjóns og skiptust á skoðunum og reynslu varðandi þetta.

2) Afreksstefna KRAFT

Í 7.lið afreksstefnunnar er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun hennar og skal leggja drög fyrir formenn í árslok og endanleg útgáfa lögð fram á þingi í janúar.

Guðjón og Kári kynntu helstu breytingar sem stjórnin hefur gert á stefnunni og svöruðu spurningum og óskuðu eftir athugasemdum.

Helstar athugasemdir sem fram komu:

-Sigfús vildi sjá stefnu um árangur á bekkpressumótum og beindi til stjórnar að ræða það.

-Grétar Skúli sagði afreksstefnan vera kjaftæði. Honum fannst markmiðin óraunhæf og engar leiðir tilgreindar um hvernig ætti að ná þeim. Hann gerði starf landsliðsþjálfarans að sérstöku umræðuefni, dró í efa hæfni hans og beindi til stjórnar að auglýsa eftir þjálfara. Hann vildi sjá sérstakt ákvæði í samkomulagi við landsliðsþjálfara sem skuldbindir hann til að sýna íþróttamannslega framkomu. Hann lýsti þeirri skoðun að það kæmi sérsambandinu ekki við hvaðan afreksmenn fengu fjárstyrki.

-Hjalti sagði rétt að setja sér háleit markmið og gefa ætti stjórninni vinnufrið til að taka eitt skref í einu út frá þeim forsendum sem hún hefur.

3) Önnur mál

- Sigfús beindi því til stjórnar að standa fyrir dómaramámskeiðum utan Reykjavíkur.

- Hjalti beindi til stjórnar að hvetja lítið félög til að vinna saman, jafnvel hvetja til sameiningar smærri félaga.

Sigurjón þakkaði mönnum komuna og framlagið. Stjórnin mun hafa þessar athugasemdir í huga í framhaldinu.

Formenn tóku sér viku frest til að senda inn frekari tillögur og athugasemdir, eða til 29.nóvember.

Fundi slitið um kl. 20.00.

Fundarritari: Gry Ek